

Menntaskólanum á Akureyri, 20. júní 2019

Kæri nýnemi,

með þessu bréfi vil ég bjóða þig velkomna/velkominn í Menntaskólann á Akureyri.

Það er mikilvægt að þú kynnis þér skólann sem vinnustað þar sem ætlast er til þess að allir geri sitt besta. Skólinn býður þér upp á góða menntun og ég óska að þú verðir ötull þátttakandi í félagsstarfi skólans því það er afar mikilvægur þáttur í menntun þinni hér í MA.

Til þess að staðfesta umsóknina þarftu að greiða **46.000 kr.** Greiðsluseðill verður sendur í heimabanka ef þú hefur aðgang að slíku en annars í heimabanka foreldra. Gjaldið er byggt á eftirfarandi þáttum:

- Innritunargjald, 12.000 kr.
- Þjónustu- og efnisgjald, 14.000 kr.
- Efnisgjald í áföngunum menningar- og náttúrulæsi, samtals 10.000 kr. fyrir skólaárið. Efnisgjaldið kemur í stað bókakostnaðar í þessum áföngum og er einnig nýtt í námsferðir.
- Árgjald í skólafélag Menntaskólans á Akureyri, 8.000 kr.
- Nemendasjóður, 1000 kr.
- Skólasjóður, 1000 kr.

Óskir þú eftir því að vera ekki félagi í skólafélaginu með þeim réttindum sem það veitir eða greiða í sjóðina tvo getur þú fengið gjöldin, samtals 10.000 kr., endurgreidd hjá fjármálastjóra fyrir 15. september 2019.

Gjalddagi er 3. júlí og eindagi 17. júlí og ef greiðsluseðill er ekki greiddur fyrir eindaga er litið svo á að skólavist hafi verið afþökkuð. Vinsamlegast tilkynnið þó einnig í tölvupósti á <https://www.ma.is/> ef ekki stendur til að þiggja skólavist. Reikningar eru rafrænir og birtast á Island.is hjá greiðanda.

Í MA er mikil áhersla lögð á verkefnabundið og tölvustutt nám í ýmsum áföngum og því er mælt til þess að nemendur hafi tiltækar fartölvur sem geta nýst við námið undir stjórn kennara og samkvæmt [reglum skólans um tölvunotkun](#). Nemendur fá við upphaf skóla sitt eigið ma-netfang, skjalasvæði á innri vef skólans sem byggir á Office 365 frá Microsoft og leyfi til að nota öll helstu Office-forritin á tækjum sínum. Sjá nánari upplýsingar [vefsíðum](#) tölvudeildar MA og [um notkun Office 365](#) á upplýsingasíðum Microsoft.

Skólinn verður settur þriðjudaginn **27. ágúst kl. 09:30 á Hólum** en þar er aðalinngangurinn í skólann. Gert er ráð fyrir að allir nemendur komi að skólasetningu. Forráðamenn eru einnig hvattir til að mæta. Að lokinni skólasetningu er aðalfundur foreldrafélagsins, fundur með umsjónarkennurum og kynning á skólanum fyrir nýnema.

Menntaskólinn á Akureyri er bekkjaskóli með áfangakerfi, tvær annir á skólaári og próf í lok hvorrar annar, í desember/janúar og maí/júní. Nýnemar á félagsgreinabraut og náttúrufræðibraut geta óskað eftir einum bekkjarfélagi en sú ósk verður að vera gagnkvæm. Óskir um bekkjarfélagi skal senda á netfangið bekkir@ma.is fyrir 1. ágúst. Aðeins einn bekkur er á mála- og menningarbraut og raungreinabraut og því er ekki hægt að óska eftir bekkjarfélagi þar.

Stuttu fyrir skólabyrjun verður hægt að sjá bekkjaskipan, bókalista og stundaskrá í Innu, upplýsingakerfi allra framhaldsskóla.

Nemendur sem stunda nám fjarri heimahögum og fjölskyldu geta átt rétt á **jöfnunarstyrk**. Allar upplýsingar um hann er að finna á www.lin.is.

Afgreiðsla skólans er lokuð vegna sumarleyfa frá og með 20. júní til 12. ágúst. Unnt er að koma skilaboðum til skólans í tölvupósti á netfang skólans sem er ma@ma.is en fyrirspurnum verður mögulega ekki svarað fyrr en að loknu sumarleyfi.

Það eru mikil umskipti að koma úr grunnskóla í framhaldsskóla, þú berð sjálf/ur ábyrgð á námi þínu en við höfum mikinn áhuga á að þér gangi vel. Það skiptir öllu að þú komir í skólann til þess að gera þitt besta og leggir þig fram um að gera dvöl þína í Menntaskólanum á Akureyri gagnlega og skemmtilega.

Frekari upplýsingar um skólann og skólabyrjunina verða settar á vef skólans, www.ma.is og facebook síðu skólans eftir miðjan ágúst.

Með bestu kveðjum og ósk um velfarnað í Menntaskólanum á Akureyri.

Jón Már Héðinsson
skólameistari

Bréf þetta hefur verið sent á eftirfarandi einkanetföng nemenda og forráðamanna þeirra eins og þau eru skráð í Innu